

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2011
11.16

Efni: Umsögn Landsnets hf. um drög að þingsályktunartillögu um verndun og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðvarma.

Landsnet fagnar því að stjórnvöld leggi fram heildarstefnumótun um verndun og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðvarma. Mikilvægt er að geta unnið að uppbyggingu og endurnýjun flutningskerfisins með langtímasjónarmið í huga og stefnumótun sem tekur til heildarhagsmuna. Undirbúa þarf þessi orkuflutningsmannvirki með löngum fyrirvara og getur opinber stefna því verið mikilvæg leiðsögn í þeim efninum.

Þegar niðurstöður rammaáætlunar liggja fyrir mun skapast gleggri framtíðarsýn um vernd og nýtingu, sem mun nýtast Landsneti í forgangsröðun við uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi.

Eins og fram kemur í skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða (fylgiskjal 1. með þingsályktunartillögnum) byggist aðferðafræði faghóps IV við áætlun tengikostnaðar virkjanahugmynda á ákveðnum forsendum. Þessar forsendur endurspeglar þá staðreynð að ekki liggja fyrir nákvæmar áætlanir um tengimöguleika margra þeirra virkjanakosta sem skoðaðir eru í rammaáætlun. Þá liggja ekki fyrir forsendur um útfærslur lausna, en þær geta haft veruleg áhrif á kostnað viðkomandi tenginga. Þessi nálgun gefur því einfaldaða mynd af tengikostnaði og áhrifum sem nánari skoðun getur breytt, bæði hvað varðar niðurstöðu vinnu faghóps IV og einnig annarra faghópa.

Landsnet bendir einnig á að styrking meginflutningskerfisins, sem fyrirtækið vinnur nú að, er mikilvæg forsenda fyrir tengingu margra þeirra kosta sem fjallað er um í rammaáætlun.

Sökum mikilvægis orkuflutnings í heildarmyndinni, bæði er varðar kostnað og umhverfismál, er mikilvægt að þekking og reynsla Landsnets skili sér inn í svo mikilvæga vinnu sem gerð rammaáætlunar er. Í þessu samhengi tekur Landsnet undir umfjöllun í kafla 6.5.1 í fylgiskjali 1. Þó um mikilvægt verkefni sé að ræða er það ekki verkefni fyrirtækisins að leggja fram umtalsverða vinnu og kostnað í áætlanagerð eins og rammaáætlun og fyrirtækinu settar skorður er varða kostnað við undirbúning tillagna um tengingu framtíðarkosta í orkuöflun, sem oft eru lítt mótaðir. Landsnet lýsir sig hins vegar reiðubúið til áframhaldandi og frekari þátttöku í undirbúningi næsta áfanga rammaáætlunar, séu nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til að skilgreina hlutverk fyrirtækisins og ramma um kostnað þess af slíkri vinnu.

Að lokum bendir Landsnet á að þó annmarkar séu á þeirri grófu mynd sem faghópur IV dró upp af línustæðum, sem í einhverjum tilvikum kann að hafa áhrif á niðurstöðu annarra faghópa, er í öðrum tilvikum um þekktar lausnir að ræða, sem fengið hafa umfjöllun skipulagsfirvalda og í mati á umhverfisáhrifum. Í tengslum við þetta má sem dæmi benda á að ein af forsendum þess að kostur 21, Hólmsárvirkjun neðri við Atley er



sett í biðflokk, er óvissa um línuleiðir. Tillögur um tengingu Hólmssárvirkjunar neðri við Atley við flutningskerfið, sem og Búlandsvirkjunar (40), hafa verið kynntar landeigendum og fengið jákvæða umfjöllun skipulagsyfirvalda í Skaftárreppi. Almenn sátt virðist ríkja um tillögu Landsnets að línuleið, og er mat á umhverfisáhrifum verkefnisins hafið.

Virðingarfyllst,



Þórður Guðmundsson, forstjóri

